



285. Stjórnarfundur haldinn 29. mars 2007 kl:18:00
Mættir: Einar, Þórður, Sigurvin, Birgir og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá : UMFÍ v/ formannafundar 30. mars '07, UMFÍ v/ auglýsingar um umsókn um að halda 12. unglíngalandsmót '09 og póstkort frá landsmótshaldara í Kópavogi þar sem menn eru beðnir að taka frá helgina 5. – 8. júlí '07.

3. Send bréf.

Engin.

4. Önnur mál.

Varðandi bréf frá UMFÍ v/ umsóknar á að halda unglíngalandsmót 2009 var ákveðið að sækja ekki um að þessu sinni. Aðeins tvær deildir hafa skilað inn fulltrúa í landsmótsnefnd. Framkvæmdastjóra falið að fá tilnefningu frá þeim deildum sem eftir eiga að tilnefnda sinn fulltrúa. Próförk af símaskrá stjórnarmanna félagsins lá fyrir en hún verður borin út í Reykjanesbæ. Ákveðið að bíða þar til ný stjórn hefur verið kjörin í körfuknattleiksdeild. Fundur var með Ragnari Erni vegna skipulagsmála á Hringbrautarsvæðinu. Þórður Magni skýrði frá fundi með fulltrúum aðalstjórnar, körfuknattleiksdeildar og Landsbanka Íslands Keflavíkurútibúi vegna fjárhagstöðu deildarinnar. Framkvæmdastjóra falið að boða formann körfuknattleiksdeildar á fund mánudaginn 2. apríl.

Næsti fundur 13. apríl 2007 kl. 16:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:30

